

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um uppsagnir starfsmanna
velferðarráðuneytisins og starfslið ráðherra.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hve mörgum starfsmönnum velferðarráðuneytisins hefur verið eða verður sagt upp störfum vegna sérstakrar 5% niðurskurðarkröfu sem lögð var á aðalskrifstofur ráðuneyta í fjárlögum? Svarið óskast sundurliðað eftir skrifstofum ráðuneytisins og starfsheitum og greint skal frá því í hve miklum mæli er um uppsagnir eða lækkun starfshlutfalls að ræða.
2. Hve marga aðstoðarmenn, ráðgjafa eða starfsmenn í sérverkefni í fullu starfi eða hluta-starfi eða sem verktaka hafa ráðherrar í velferðarráðuneytinu ráðið frá stjórnarskiptum?

Skriflegt svar óskast.